

# Tjáningar- og upplýsingafrelsi

*sent Páli Þórhallssyni 17.5.2011*

## Tjáningarfrelsi

Allir eru frjálzir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að tjá hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum til verndar öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

## 22. Upplýsingafrelsi

Öllum er frjálst að skapa, leita að, taka við, geyma og miðla upplýsingum. Upplýsingar og gögn í vörslu hins opinbera skulu vera aðgengileg almenningi.

Listi yfir öll gögn í vörslu hins opinbera, innihald þeirra og uppruna, skal vera öllum aðgengilegur. Um þau gögn sem leynd hvílir yfir skulu að auki liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma.

Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga fundargerðum sínum og gögnum, sem skulu vera aðgengileg almenningi svo unnt sé að rekja feril máls og ákvarðanir.

Stjórnsýslu er skylt að skrásetja og skjalfesta öll erindi sem henni berast, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða.

Birtingu gagna má aðeins setja skorður með lögum sé afhending þeirra talin ógna friðhelgi einkalífs, öryggi ríkisins eða lögbundnu starfi eftirlitsstofnana.

### Skýringar nefndar:

- Byggir á skýrslu stjórnlaganefndar, valkostur 2 á s. 88
- Valkostur 1 á s. 88 í skýrslu stjórnlaganefndar gerir ráð fyrir að upplýsingafrelsi og tjáningarfrelsi séu sett í sömu grein. Hér er upplýsingafrelsi gert að sjálfstæðri grein, óháð frelsi fjölmiðla.
- Hert á frumkvæðisskyldu ríkisins við miðlun upplýsinga

## 23. Frelsi fjölmiðla

[Frelsi fjölmiðla og gegnsætt eignarhald þeirra skal tryggt með lögum.]

Nafnleynd og vernd heimildarmanna skal tryggð með lögum, svo og starfsemi sjálfstæðra fjölmiðla.

Engum er heimilt að rjúfa nafnleyndina né heldur reyna að aflétta henni nema í tengslum við sakamálarannsókn og samkvæmt dómsúrskurði.

### Skýringar nefndar:

- Til athugunar að færa 1. mgr. í annan kafla, þar sem væri t.d. hægt að taka almennt á eignarhaldi fyrirtækja.
- Nafnleynd byggir á valkosti 2 á s. 88 í skýrslu stjórnlaganefndar.
- Gengið lengra en stjórnlaganefnd leggur til, m.a. litið til 2. gr. 4. kafla sænsku stjórnarskrárinnar við bann við að reyna að aflétta nafnleynd:
  - o „Ingen myndighet eller annat allmänt organ får efterforska“
  - o „1. upphovsmannen till en framställning som har offentliggjorts eller varit avsedd att offentliggöras i ett radioprogram eller en teknisk upptagning eller den som har framträtt i en sådan framställning,“